

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*
Starfsleyfisskilyrði fyrir samgöngumiðstöðvar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir samgöngumiðstöðvar þar sem almenningur nýtur þjónustu í tengslum við fólksflutninga.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.4 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir fatlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Taka skal mið af umfangi starfsemi um fjölda snyrtinga. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera á handlaugum þannig að hitastig fara ekki yfir 43°C.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.
- 3.5 Dýr skulu flutt í þar til gerðum búrum eða aðstöðu, þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar.

4. Matvæli

- 4.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeignarlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
5.2 Gæta skal þess að gestir verði ekki fyrir ónæði s.s vegna hávaða og mengunar frá bílum í lausagangi.
5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
5.4 Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT):